

RE: Fundur lista- og menningarráðs 7. júní

Til : Soffía Karlsdóttir
Frá : Ása A Kristjánsdóttir
Heiti : RE: Fundur lista- og menningarráðs 7. júní
Málsnúmer : 23052159
Málsaðili : Kópavogsbær
Skráð dags : 05.06.2023 13:55:47
Höfundur : Ása A Kristjánsdóttir
Viðhengi : [image001.jpg](#)

Sæl

Eins og segir í 5. gr. erindisbréf Lista- og menningarráðs telst fundur löglega boðaður með minnst eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Tveggja sólarhringafresturinn sem vísað er til á eingöngu við um fundarboð Bæjarstjórnar.

Með kveðju,

Ása A. Kristjánsdóttir, bæjarlögmaður

Deildarstjóri lögfræðideildar - stjórnsýslusviði

441 0000 | asakr@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

[Fyrirvari/disclaimer](#)

From: Soffía Karlsdóttir
Sent: mánudagur, 5. júní 2023 09:19
To: Ása A Kristjánsdóttir
Subject: FW: Fundur lista- og menningarráðs 7. júní

Sælar

Ég fékk fyrirspurn vegna fundarboða og stóð í þeirri trú að sólarhringsfyrirvari á fundarboði væri nægjanlegur. Getur þú sagt mér hvaða lög Ísabella er að vitna í hér að neðan og hvort þetta sé rétt. Samkvæmt erindisbréfi lista- og menningarráðs þá á að vera minnst sólarhringsfyrirvari á fundarboði og gögnum.

Með kærri kveðju,

Soffía Karlsdóttir

Forstöðumaður menningarmála Kópavogsbæjar

441 7606 | 823 5040 | soffiakarls@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

[Fyrirvari/disclaimer](#)

From: Ísabella Leifsdóttir <ladivarosa@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 30. maí 2023 15:29
To: Soffía Karlsdóttir <soffiakarls@kopavogur.is>

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Cc: Elísabet Berglind Sveinsdóttir - varabæjarfulltrúi <Elisabet.Berglind.Sveinsdottir@kopavogur.is>; Helga Hauksdóttir - gmail <hauksdottir.helga@gmail.com>; jonas.skulason@reykjavik.is; margret@myndlist.is; Margrét Ásta Arnarsdóttir <margret.astaa@gmail.com>; Elvar Bjarki helgason <elvarbh@gmail.com>

Subject: Fundur lista- og menningarráðs 7. júní

Sæl Soffía,

fulltrúar Vina Kópavogs, Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata vilja biðja um að tekið sé fyrir á næsta fundi hvenær gögn til umræðu á fundum berast. Borið hefur á því að gögn komi inn mjög seint og allt að því nokkrum klukkustundum fyrir fund en skv. 3. kafla, 9. grein samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar sem vísað er til í 6. grein erindisbréfs okkar á dagskrá að vera send út með tveggja daga fyrirvara og gögn til umræðu undir dagskránni eiga að fylgja þar með.

Með kveðju,

Ísabella